

Leiðarljós leikskólans

Stutt greinargerð um starfið á síðasta skólaári.

Skólaárið einkenndist af miklum metnaði og gleði. Við einbeittum okkur á hverjum degi að gera góðan skóla betri og það gerum við með áhaldinu okkar, Hjallastefnunni, kynjauppeldið er það sem allt annað byggir á og við erum mjög stolt af því. Við erum stolt af gestagangi bæði erlendra og innlendra gesta sem komu til þess að kynna sér Hjallastefnuna. Einnig komu mikið af erlendu fjölmiðlafólki til okkar. Segja má að gestir hafi komið til okkar í hverri viku. Við fundum aukin áhuga á Hjallastefnunni erlendis frá og bættum móttöku þess vegna. Margrét Pála tók á móti gestum og í framhaldi fengu þeir að sjá hvernig Hjallastefnan virkar í reynd. Þessi áhugi var mjög hvetjandi og gaman fyrir okkur sem hóp að finna það sem gestirnir upplifðu „glögg er gestsaugað“. **Sjá fylgiskjal 9**

Við fórum á Heimsmeistaramót í skólaskák til Albaníu með fjórar 5-6 ára stúlkur. Þetta var í fyrsta skipti sem leikskólabörn fara á Heimsmeistaramót og það vakti mikla athygli í skálheiminum. Forsetinn kom og hitti stúlkurnar og hvatti þær til dáða. Forsætisráðherra óskaði eftir þátttöku stúlnanna í fjöltefli til styrktar Unicef. Menntamálaráðuneytið ásamt fleirum styrkti þátttöku á Heimsmeistaramótinu. Foreldrar studdu verkefnið dyggilega og var mikill einhugur í skólanum. Börn og foreldrar fylgdust vel með að heiman. Stúlkurnar stóðu sig afar vel og fengu mikið hrós fyrir úthald, framkomu og þróðmennsku. Samtals fengu þær 11,5 vinning á mótinu sem var frábær árangur. Við stefnum á að fara á næsta Heimsmeistaramót sem verður haldið í Túnis á næsta ári. **Sjá fylgiskjal 10**

Annað stórt verkefni sem við tókumst á við var vinnustytting. **Sjá fylgiskjal 11.** Hjallastefnan fór af stað með tilraunaverkefni sem felur í sér að styttu vinnuvikuna. Það var mikil áskorun og voru allskonar útfærslur prófaðar. Við höfum náð nokkuð góðum tókum þessu og er mikil ánægja meðal starfsfólks með þetta verkefni. Markmiðið er að:

1. Minnka álag á starfsfólki
2. Fækka fjarvistum vegna veikinda
3. Minnka skrepp á vinnutíma
4. Minnka starfsmannaveltu
5. Lengja starfstíma kennara og auka lífsgæði þeirra

Kynjanámskrá og meginreglur

Kynjanámskrá og meginreglur Hjallastefnunnar eru leiðarljós sem við vinnum eftir alla daga. Ramminn er mjög skýr og mikið frelsi er innan hans. Við höfum öll sama markmið en leiðirnar eru eins margar og við erum mörg. Það er mjög valdeflandi fyrir kennara og gefur hverjum og einum tækifæri á að stækka skólann með sínu framlagi.

Meginreglur:

1. Agi, virðing, hegðun, kurteisi, framkoma
2. Sjálfstyrking, sjálfstæði, sjálfstraust, öryggi, tjáning
3. Samskipti, umburðarlyndi, hjálpsemi, viðsýni, samstaða
4. Jákvæðni, bjartsýni, gleði, ákveðni, hreinskipti
5. Vinátta, félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur
6. Áræðni, kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði

Tungumálakennsla

Öll börn fá enskukynningu í gegnum leik og söng. Enskumælandi kennari kennir í lotum og fer það eftir aldri barnanna hversu lengi og mikið hún kennir. Hún hefur t.d. haldið valfundi á ensku hjá eldri börnum.

Fimm ára börnin fá frönskukennsku einu sinni í viku og það hefur gefist mjög vel. Þetta er fimmta árið sem við bjóðum upp á frönskukennslu.

Við fengum kínverskan skiptinema frá Bandaríkjunum í eina viku og hún kenndi börnunum kínversk lög og las fyrir þau kínverskar sögur. Þetta var byrjunin á áframhaldandi samstarfi og hún ætlar að koma til okkar að ári liðnu.

Eins kennum við börnunum lög á ýmsum tungumálum svo sem spænsku, ítölsku, kínversku, frönsku og ensku.

Tónlistaruppeldi

Við leggjum mikið upp úr tónlistaruppeldi og veljum vandlega alla tónlist sem börnin hlusta á, en við hlustum mikið á klassíska tónlist og heimstónlist. Steindór Andersen kemur alltaf til okkar á Þorranum og kennir okkur að kveðskap og rímur. Bára Grímsdóttir kom til okkar á Góunni og kenndi börnunum krummavísur. Valgeir Guðjónsson kom og söng með börnunum Fuglakantötu.

Útskriftarbörnin sömdu lag og texta með foreldri úr hópnum og kennurum sínum sem var flutt á Sumarhátíðinni. Þau sungu líka lag með tónlistarkonunni Lay Low.

Samstarf við Þorrasel

Á tveggja vikna fresti fóru 5 ára börnin á Þorrasel, dagvist fyrir aldraða. Þar spjölluðu þau við gamla fólkið, spiluðu og tefldu við þau, föndruðu og sungu saman. Þetta var annar veturinn sem við höfum verið í þessu samstarfi og hefur verið gagnkvæm gleði með það. Við munum taka upp þráðinn næsta vetur. Gamla fólkið kom til okkar á Þorranum og á tónleikana með Valgeiri Guðjónssyni.

Innra mat

Á liðnu skólaári rýndum við sérstaklega í meginreglu eitt og tvö í Hjallastefnunni og fengum utanaðkomandi aðila til þess að rýna í þær með okkur. Útkoman var okkur til sóma og er hópurinn einróma um að halda þessu áfram og vera á tánum til þess að halda þessum gæðum í starfinu. **Sjá fylgiskjal 1.**

Valtímar

Valtalning er gerð í hverjum mánuði. Þá er hægt að sjá hvað hvert og eitt barn hefur valið og fá foreldrar þessar upplýsingar í tölvupósti í hverjum mánuði. Einnig er hægt að sjá graf yfir alla skólagöngu barnsins við skólalok. Valið er mikil lýðræðisæfing fyrir börnin. Þau velja fyrir sig og æfa sig að þau hafi öll jafnan rétt. Ramminn er mjög skýr, börnin eru róleg og örugg. Þau vita alltaf hvað er í boði og það er engin hentistefna með hvað er boðið upp á. Valið rúllar þannig að sú/sá sem er fyrst/ur getur valið alla möguleika. Sá/sú sem velur síðast hefur færri möguleika og þá er gott að æfa smá mótlæti. ☺ **Sjá fylgiskjal 2.**

Hópatímar

Hópstjórar skrá hópatíma á hverjum degi á þar til gert hópablað sem er í fataklefum og geta foreldrar séð hvað hópurinn var að gera þann daginn. Einu sinni á önn fylla hópstjórar út talningablað fyrir hópastarf þar sem farið er yfir alla námsþætti. **Sjá fylgiskjal 3.**

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru einu sinni á önn. Hópstjórar fylla út þar til gerða gátlista með foreldrum um félags- og einstaklingsþætti barnsins og almennan þroska. **Sjá fylgiskjal 4.**

Ytra mat

Starfsmanna- og foreldrakönnun er gerð á hverju ári í skólum Hjallastefnunnar. Eins tókum við þátt í könnun á vegum Reykjavíkur. Stafsmannakönnun var lögð fyrir í mars 2018 og var svarhlutfall 100%.

Það jákvæða sem starfsfólk tók til var t.d. Gott skipulag, metnaður og brennandi áhugi allra fyrir starfinu. Jákvæðnin og gleðin. Frjálsar hendur innan ramma. Börnin og foreldrar. Félagslíf fyrir utan skóla. Hjallastefnan. Pakklæti fyrir traustið.

Mikil ánægja kom fram í starfsmannakönnun og í foreldrakönnun. Við fengum góðar ábendingar frá foreldrum en þeir eru einstaklega góðir að rýna í starfið með okkur og stækka skólann með sínu framlagi. **Sjá fylgiskjal 5.**

Sérkennsla

Á Laufásborg er ekki sérkennslustjóri. Skólastýrur og hópstjórar sjá um öll mál saman og öll vinna fer fram í hópatímum eins og hægt er. Á skólaárinu voru fjögur börn með stuðning og tvö af þeim með 8 tíma. Einn kennari hefur séð um atferlisþjálfun. Önnur börn fá sérkennslu í hópatímum með eða án stuðnings. Við notum Efi 2 fyrir börn á þriðja aldursári og Hljóm fyrir öll 5 ára börn.

Við erum í góðu samstarfi við þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Sálfræðingur og sérkennsluráðgjafi koma reglulega á fundi.

Börn með annað móðurmál

Börn með annað móðurmál en íslensku voru níu talsins á skólaárinu. Þau fengu öll málörvun í hópatímum þar sem það er hlutverk hópstjóra að sinna öllum þörfum barnanna í hópnum. Enda græðir allur hópurinn á því. Eitt barn fékk einstaklings málörvun. Við notum Lærum og leikum með hljóðin, myndir, bækur, spil og syngjum lög.

Starfmannaviðtöl

Starfmannaviðtöl voru tekin á vorönn.

Þá hittu skólstýrur allt starfsfólkið og farið var yfir spurningalista og framtíðarplön rædd.

Starfmannahópurinn er mjög þéttur og vinnur vel saman, mikil þekking og reynsla hefur safnast saman í gegnum tíðina. Við erum fullmönnuð fyrir næsta skólaár.

Símenntunaráætlun sjá fylgiskjal 6.

Foreldrasamvinna

Foreldraráð og foreldrafélag er kosið á haustfundi skólans sem haldinn er í byrjun september. Foreldrafélagið er í mjög þéttu sambandi við skólastýrur. Félagið hefur staðið fyrir fræðslu fyrir foreldra á hverri önn. Á síðast ári fengu þau Eyjólf Örn Jónsson sálfræðing með fræðsluerindið „að flækjast í vefnum“. Mjög gagnlegt námskeið um neikvæð áhrif skjánotkunar á börn. Eins kom Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir með fræðslu um jurtir sem nota má við ýmsum barnakvillum.

Einnig heldur félagið Vetrarhátíð og Sumarhátíð í fallega garðinum okkar. Þá buðu þau upp á leiksýninguna „Íslenski fillinn“. Rúsinan í pylsuendanum var svo þegar ísbíllinn kom og börn og kennarar fengu ís í lok skólaársins.

Samstarf leik- og grunnskóla, fimm ára námskrá

Við erum í samstarfi við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík og eins höfum við heimsótt Austurbæjarskóla. Flest barnanna fara í þessa skóla frá okkur. **Sjá fylgiskjal 7.**

Skipulagsdagar

Laufásborg er lokuð í Dymbilviku og á milli jóla og nýárs. Hjallaráðstefna var haldin 5. október og þá var skólinn lokaður. Á næsta ári förum við til Egyptalands í menningar- og skemmtiferð. Þar munum við einnig skoða hvernig skólakerfið er þar í landi. **Sjá fylgiskjal 8.**

2	Í góðu lagi
1	Uppfyllt að hluta
0	Ófullnægjandi/ekki sýnilegt

1 Meginreglur Hjallastefnunnar

Börn og foreldrar

- 1.1. 2 Barni heilsað sérstaklega við komu (með brosi eða öðru látbragði sem vottar gleði starfsmanns að sjá barnið).
- 1.2. 2 Foreldri heilsað hlýlega (veitt athygli við komu, skipst á nokkrum orðum).
- 1.3. 2 Innlitsaðila tekið vel og glaðlega.
- 1.4. 2 Starfsfólk talar fallega við börnin á kjarnanum (hlýr og glaðlegur málrómur).
- 1.5. 2 Börn fá huggun strax ef þau gráta.
- 1.6. 2 Kennarar gefa börnunum jákvæða snertingu, (s.s. klappa á kollinn, klapp á öxl, faðmlag, leiða barn).
- 1.7. 2 Óæskileg hegðun barna er stöðvuð strax (ofbeldi, óviðeigandi hávaði, áreitni barna í garð annarra, eyðilegging, truflun, sjálfsmeiðandi hegðun).
- 1.8. 2 Ögun fer fram með jákvæðum formerkjum (kennari sýnir ekki pirring né reiði nema það eigi rétt á sér og sé til þess fallið að gagnast barninu).
- 1.9. 2 Kennarar leita eftir augnsambandi við börnin þegar við á (t.d. þegar talað er við þau, við ögun).
- 1.10. 2 Starfsfólk axlar ábyrgð á hegðun barnanna (t.d. „æ, nú passaði ég þig ekki nógu vel“, „ég skal hjálpa þér að ganga vel“).
- 1.11. 2 Starfsfólk tekur vel í beiðnir foreldra og kemur þeim í farveg.
- 1.12. 2 Börn eru kvödd hlýlega við brottför.
- 1.13. 2 Starfsfólk aðstoðar foreldra í fataklefa við brottför barna (finna týnd föt, svara hvernig barn svaf eða borðaði).

26 af 26

Athugasemdir innlitsaðila:

Starfsfólk Laufasborgar getur svo sannarlega verið stolt af starfi sínu hvað meginreglu 1 varðar.

2 Meginreglur Hjallastefnunnar

Starfsfólk, samskipti

- 2.1. 2 Samstarfsfólki er heilsað.
- 2.2. 2 Samskipti samstarfsfólks virðast glaðleg (ekkert nöldur, svipur eða tónn).
- 2.3. 2 Virðing í orðræðu starfsfólks um samstarfsfólk, börn, foreldra og aðra sem um ræðir.
- 2.4. 2 Starfsfólk er í virkum samskiptum hvert við annað (hefur samráð um vinnuna).
- 2.5. 2 Gleði er fagmennska (Gleðivekjandi starf einkennir alla skóladaga).
- 2.6. 2 Aðspurt segir starfsfólk boðleiðir skýrar.
- 2.7. 2 Aðspurt segir starfsfólk að hreinskiptni og ábyrgð einkenni samskipti innan skólans.
- 2.8. 2 Aðspurt segir starfsfólk sig gera greinamun á milli heimilis og vinnu.
- 2.9. 2 Jákvæðni er einkennandi við lausn mála.
- 2.10. 2 Það er gert gott úr mistökum („gengur betur næst“, „allt í lagi“).
- 2.11. 1 Kennarar nota jákvæð hrósorð og uppörvandi orðaval (ekki segja ekki).
- 2.12. 2 Starfsfólk hefur jákvætt viðhorf gagnvart börnunum (t.d. „eruð þið heppin með börn?“).
- 2.13. 2 Hrós heyrist á kjarnanum (t.d. „gott hjá þér“, „frábært“, „vel gert“, „þetta gengur vel“).
- 2.14. 2 Aðspurt segist starfsfólk kjarnans taka vel í ábendingar skólastjóra (t.d. „hvernig takið þið því ef skólastjóri kemur með ábendingu til ykkar?“).
- 2.15. 2 Starfsfólk ber aðspurt foreldrum vel söguna (t.d. „eru þetta almennt góðir foreldrar sem þið hafið?“).

0 af 30

Athugasemdir innlitsaðila:

Starfsfólk getur svo sannarlega verið stolt af sér hvað meginreglu 2 varðar.

2.11. Áberandi gott. Aðeins einu sinni heyrðist "ekki".

Við sýnum ábyrgð

(gagnvart öryggi barnanna, líðan samstarfsfólks, eigum skólans)

Sameiginleg velferð okkar er á ábyrgð okkar allra. Þess vegna leggjum við okkur fram um að gæta að heilsu og eigum hvers annars.

- 3.1. 2 Augljóst er að útikennari veit hversu mörg börn fara á útisvæði.
- 3.2. 2 Starfsfólk getur strax vísað á sjúkrakassa.
- 3.3. 2 Starfsfólk getur strax vísað á slökkvitæki.
- 3.4. 2 Skráð er í bók/kladda hver af börnum kjarnans eru mætt (yfirsýn er um hversu mörg börn eru á ábyrgð kjarnans hvern dag).
- 3.5. 2 Vel er gengið frá í fataklefa eftir að útivist/útihópatíma er lokið.
- 3.6. 2 Starfsfólk segist aðspurt hliðra til hvert fyrir annað ef heilsa/líðan krefst þess (t.d. þarf kvefaður kennari ekki að fara út).
- 3.7. 2 Handþvottur barna er reglulegur liður í kjarnastarfinu (t.d. eftir útivist, fyrir matartíma, eftir salernisferðir/bleyjuskipti).
- 3.8. 2 Matartímar hafa rólegt og slakt yfirbragð og börnin eru aðallega að matast.
- 3.9. 2 Hávaði á kjarnanum er oftast undir óþægindamörkum Innlitsaðila.
- 3.10. 2 Starfsfólk getur bent á rýmingaráætlun skólans.

20 af 20

Athugasemdir innlitsaðila:

Starfsfólk getur sannarlega verið stolt af sér hvað ábyrgð og öryggi varðar.

Hópatímar Hjallastefnunnar

- 4.1. 2 Hópatímar eru 2 á dag (hvíld fellur undir hópatíma).
- 4.2. 2 Öll börn fá athygli kennara í hópatíma.
- 4.3. 2 Hvert barn tilheyrir sama hópi heilt skólaár.
- 4.4. 2 Sami kennarinn er með sama hópinn í a.m.k. heilt skólaár (ef aðstæður leyfa).
- 4.5. 2 Hópatímar eru kennarastýrðir (börn læra að fylgja hinum fullorðna).
- 4.6. 2 Hópur borðar saman flestar máltíðir (sé ekki um fljótandi máltíð að ræða, t.d. morgunverð).
- 4.7. 2 Kennari tekur virkan þátt í hópatíma (er þjálfari og leiðtogi).
- 4.8. 2 Kennari og börn vinna saman að frágangi eftir hópatíma.
- 4.9. 1 Kennari er með hópnum sínum allan hópatímann (hvikar aldrei frá).
- 4.10. 2 Aðspurðir segja kennarar sig þekkja vel hugmyndafræðina á bak við hópatíma Hjallastefnunnar.
- 4.11. 2 Máltíðir eru ánægulegar og yfirvegaðar.
- 4.12. 2 Aðspurðir segja kennarar sig skipuleggja hópatíma með talningablað hópatíma til hliðsjónar (tekur mið af námskrá Hjallastefnunnar og Aðalnámskrá).
- 4.13. 2 Aðspurðir segja kennarar sig skipuleggja hópatíma með kynjanámskrá í huga.
- 4.14. 2 Hópatímar hafa skýrt upphaf og skýran endi.
- 4.15. 2 Hópatímar eru vel sundurgreindir (hver kennari með sinn hóp).
- 4.16. 2 Kennarinn virkjar öll börnin til þátttöku í hópatímanum.
- 4.17. 2 Hópaskipting er skýr (Hver kennari með sinn hóp til að tryggja vináttu og samstöðu).

33 af 34

Athugasemdir innlitsaðila:

Starfsfólk getur sannarlega verið stolt af starfi sínu hvað hópatíma varðar.

4.9. Kennari brá sér frá til að sækja tuskur.

Val Hjallastefnunnar

- 5.1. 2 Leikefni valkróka er samkvæmt starfslýsingum.
- 5.2. 2 Valfundir eru hraðir og góðir (<8mín og engin leiðindi eða skammir).
- 5.3. 2 Kennari kjarnans er virkur á val tíma (vakandi, á hreyfingu, gefur sig að börnunum og er tilbúinn að aðstoða þau).
- 5.4. 2 Börn komast vandræðalaust í valkrók fljótt eftir valfund (ekki of mikið af „hvað valdir þú?“ spurningum).
- 5.5. 2 Efniviður er heill.
- 5.6. 2 Börnin geta bjargað sér sjálf með efniviðinn (hæfir aldri þeirra og þroska).
- 5.7. 2 Frágangur er hluti af val tíma.
- 5.8. 2 Bæði kennarar og börn taka virkan þátt í frágangi eftir val tíma.
- 5.9. 2 Skýr munur er á grunn- og ítarefni.
- 5.10. 2 Hlutamagni er stillt í hóf.
- 5.11. 2 Valfundir eru hafðir 2x á dag.

22 af 22

Athugasemdir innlitsaðila:

Starfsfólk getur svo sannarlega verið stolt af sér hvað valfundi og val tíma varðar.

Á Rauðakjarna var stýrt val, vegna aðstæðna.

Annað


Húrra fyrir Laufásborg!!

Bjarmi

Súlurit


Veldu mánuð til að fá upplýsingar um val nemanda

2018 ▼ Júní ▼



Línurit

Sýnir hvað nemandi valdi hvern mánuð skólagöngu sinnar.



Hægt er að klikka á valsvæðin sem þú vilt sýna eða fela



Talningarblað fyrir hópastarf

Yngri Drengjakjarni

nafn á kjarna/deild

Júní 2018

mánuður og ár

	Uppeldissvið og áherslur í hópastarfi	Mid. H. nafn hóps	Littlih. nafn hóps	Flór. Hóp nafn hóps
1	Leikurinn; leikrit (frjáls/stýrð), hlutverkaleikur, leikir í krókum og svæðum, frjáls leikur á útisvæði, frjáls tími utan lóðar, leikir á innisvæði, leikstund með heimadót og fleira:	 	 	
2	Umönnun og daglegar venjur; máltíðir, hreinlæti, svefn, hvíld og slökun, klæðnaðarþjálfun, sjálfshjálp, líkamsvitund, snerti- og nálægðarvinna og fleira:	 	 	
3	Hreyfing; leikfimi, stökkæfingar, þrauta- og stöðvabrautir, gönguferð, hlaupaferð, klifur inni og úti, hóp- og hlaupaleikir, aga- og fyrirmælaæfingar, frjáls hreyfing inni eða úti, dans, borðadans, sull inni eða úti, sund, kraft- og kjarkæfingar og fleira:	 	 	
4	Náttúran; endurvinnsla, matjurtaræktun, garðvinna, umhirða útisvæðis, ruslahreinsun, náttúraskoðun, klettaklifur, fjöruferð og fleira:			
5	Samfélagið; matargerð, bakstur, önnur heimilisstörf s.s. vaska upp, "fullorðinsverk" s.s. þvo bíl eða vinna á tölvu, þrifa og gera við á kjarna, þrifa og gera við húsgögn, viðgerðir á búnaði, ferðalag, vettvangsheimsóknir og fleira:			
6	Mál og málörvun; framsögn, ræður/púlt, segja sögur, samtal/spjall, spinna sögur, gera bækur, þulur, vísur, ríma, hringja í síma, lestur, önnur hlustun og fleira:	 	 	
7	Tónlist og hljóð; söngur, ein/n eða hópur, hljóðfæranotkun, taktur osfr., hlustun, kennsla á nýju lagi, spinna lag, óma og kyrja, öskra upp í vindinn og fleira:	 	 	
8	Myndsköpun og myndmál; þekjumála, vatnslita, fingramála, leirmassi, sápumassi, pappamassi, klippa, líma, gera nytjahluti s.s. spil og leir, teikna frjálst, handavinna s.s. saumar og smíðar og fleira:			
9	Kynjaskipt hópastarf: ♥ Uppbótavinnna. ♥			
10	Kynjablandað hópastarf:	 		
11	Útivera í hópastarfi:	 		
12	Innivera í hópastarfi:	 	 	

Valtímar

Barnið velur sjálft, hvað er vinseðlast: _____

Leikir - starf í krókum (er barnið áhugasamt og virkt: _____

Á útsvæði (áhugi á útiivist, hvers konar leikir): _____

Gengur frá (tilbúin/n að laga til, samvinna): _____

Hópatímar

Uppáhaldsverkefni: _____

Erfiðar stundir: _____

Hvað hefur hópurinn helst verið að gera: _____

Annað

Sérstaða - hæfileikar einstaklings: _____

GÁTLISTI fyrir foreldravíðtöl

- Þessar 2 síður eru ljósritaðar framman og aftan á A4 blað sem er þröðuð.
- Hver hópsjóri útfyllir gátlista fyrir hvert barn einu sinni á önn fyrir foreldravíðtöl.
- Hver hópsjóri hefur samráð við starfsfólk hjarna/deildar við útfyllingu gátlistans og/eða ber niðurstöðurnar undir álit þeirra.

Gátlistinn er opinbert vinnugagn í viðtalinu og er sýndur forráðamönnum. Hópsjórinn bætir inn upplýsingum forráðamanna og varðveitir listann þar til barnið hættir í hópnunum.

hópur og kjarni

nafn barns

mánuður og ár

hópsjóri

Einstaklingsþættir

Matarvenjur: _____

Hreinlætisvenjur: _____

Svefn/hvíldarvenjur: _____

Fatnaður: _____

Einbeiting (geta eirt við sama verkefni ákveðinn tíma, ljúka verkefni, trufla ekki aðra): _____

Frumkvæði (prófa eitthvað nýtt, nálgast aðra að fyrri bragði, bjóða fram aðstoð): _____

Sjálfstæði (reyna að bjarga sér, mótmæla áreiðni, geta gert/sagt án aðstoðar): _____

Sjálfstraust (nota jákvæð orð um sjálft sig, leggur í að prófa ný verkefni): _____

Sjálfsstjórn (geta beðið, stjórna sér í samskiptum, hemja skap sitt, taka gagnrýni): _____

Tjáning (tala við aðra, svara spurningum, tjá skoðanir): _____

Málproski (framburður, orðaforði, málskilningur): _____

Fínhreyfingar (teikna, skrifa, önnur handavinna): _____

Grófhreyfingar (ganga, hlaupa, klifra, stökkva): _____

Líkamlegt úthald (geta hlaupið, hreyft sig viðstöðulaust): _____

Lundarfar (glaðlynt, þungbúið, feimið, örgeðja, rólegt osfr.): _____

Hvað þarf barnið að æfa: _____

Saga úr leikskólanum: _____

Félagsþættir

Samskipti við önnur börn (vera öruggt með sig, bjóða öðrum til þátttöku, sýna samskiptavilja að fyrri bragði): _____

Samskipti við starfsfólk (segja hópstjóra /kennara frá, leita eftir líkamlegri umönnun, biðja um aðstoð): _____

Hegðun (fara eftir fyrirmælum, gegna hópstjóra/kennara/foreldrum): _____

Afstaða til reglna (ræða um reglur, mótmæla óréttlátum reglum, fara eftir eða brjóta reglur): _____

Framkoma (sýna kurteisi s.s. að þakka fyrir, heilsa og kveðja, upplitsdjarft, svara): _____

Meðlíðan (sýna öðrum samúð, gleðjast með öðrum, hrósa öðrum): _____

Afstaða gagnvart leikskóla (ánægt að koma/fara, talar vel um vini og starfsfólk): _____

Vinkonur/vinir: _____



♥ Umbótaáætlun vegna foreldrakönnunar sem gerð var fyrir skólaárið 2017-2018

Kæru foreldrar. Við viljum byrja á því að þakka ykkur hjartanlega fyrir að gefa ykkur tíma í að svara könnuninni. Takk kærlega fyrir þau fallegu orð sem komu til okkar. Okkur þykir mjög vænt um að heyra það og endurgjöf frá ykkur er ómetanleg.

Góður skóli er reistur á degi hverjum og tíminn í lífi lítils barns skiptir svo miklu máli hver dagur, hver stund. Líka skiptir öllu að ykkur líði vel með skólann og séuð sátt við allt og allt. Þess vegna biðjum við ykkur enn og aftur að tala við okkur um allt strax. Það gefur okkur tækifæri til að laga, hjálpa, breyta eða hvað eina sem er. Það er best.

Laufásborg er skólinn okkar allra og við eigum hann saman. ♥

Nokkur orð um athugasemdir og ábendingar:

Það kom fyrirspurn með viðhaldið á þessu gamla húsi. Við vinnum með fasteignastofu í þeim málum og það er unnið eftir úttekt sem var gerð af verkfræðistofu til að ná utan um hvað skal gera fyrst og svo framvegis. Td. Í sumar verður 3 hluti af 4 í gluggaviðgerðum. Eldhús verður tekið í gegn, flísar settar á neðstu hæð báðum megin. Áfram verður fylgst með viðgerðum sem voru gerðar á þaki og herbergjum efst. Það verður aftur rakamælt. Verið er að skoða og mæla upp vegginn í kringjum garðinn og sjá hvað það kostar að vinna hann. Alltaf er málað og bónað á hverju sumri inni, við gerum alltaf eitthvað á hverju ári.

Maturinn er eldaður í úti í Öskjuhlíð og það er hann Tristan Cardew sem er kokkurinn okkar. Við erum að fá afskaplega góðan mat og Bergur vinur okkar sendibílstjóri flytur matinn á milli. Maturinn er heitur og fínur þegar hann kemur og við teljum að gæðin í matnum séu mjög góð, við erum mjög kröfuhörð á gæði í mat og notum þess vegna mikið lífrænt t.d.

Að matseðillinn sé bara á netinu er ákveðin kjörnun og umhverfissjónarmið. Við erum líka að minnka plast eins og í við getum. Höfum t.d. pantað sérstaka poka undir blaut föt sem eru margnota.

Blöndunin er á hverjum degi á eldri kjörnum og þrisvar í viku á yngri kjörnum. Þetta eru gleðistundir þar sem börnin vinir og vinkonur leika öll saman eða í pörum. Ef t.d. vinur er heima og veit ekki hvað vinkonan heitir þá er bara að spyrja okkur og við getum hjálpað. Við leggjum mikið upp úr því að þau læri nöfn hvers annars og byrjum á því að hausti að öll þekkist. Alltaf að tala við okkur um svona atriði og þá er málið leyst. Það er best þegar foreldrar upplifa eða vilja að barnið sé meira úti er svo mikilvægt að það komi til okkar. Þá getum við brugðist við því. Við teljum okkur vera með góða útiveru fyrir börnin og útikennsla í hópatímum.

Í upphafi skólagöngu hvers barns fáum við samþykki foreldra fyrir fjölmiðla og ljósmyndir fyrir útgáfu efnis. Það er mjög mikilvægt að við séum öll með þetta á hreinu sérstaklega þar sem Laufásborg virðist vera mjög fjölmiðlavæn. ☺

Hópablöin í fataklefum: við skoðum það að fylla ítarlegar út hópablöðin takk fyrir.

Ljósmyndir af börnunum. Allar ljósmyndir fara inn á læst svæði á heimasíðunni. Þegar börn hætta fá þau allar myndir með sér. Við tökum reglulega myndir og höldum því til haga. Takk Á skilátíma þegar útisvæði er í boði. Þá er kennari úti eins og á val tíma. Að barnið sé kvatt og tekið sé eftir því að verið sé að sækja er mjög mikilvægt og við bætum ennfrekar úr því. Takk Aðlögun milli kjarna. Þegar yngri færast upp á eldri sjáum við um þá aðlögun og markmið er að þau séu öll orðin örugg og glöð á nýja kjarnanum sínum. Þarna kom ábending um að það vanti kynningu á þeim kennurum sem eru á nýja kjarnanum. Takk

Karellen appið er nýtt forrit sem við erum að læra á og æfa okkur með. Nú er búið að efla nettengingu inn í skólann, líka erum við að fara að fjárfesta í ípadum fyrir þetta (þeir eru ekki notaðir í barnastarfi). Heimasíðan er tengd Karellen með upplýsingar. Upplýsingar á heimasíðu fara inn í karellen, matseðill og það sem er skráð á skóladagatalið. Líka koma ljósmyndir inn á appið þegar búið er að merkja þær. ☺

Varðandi uppbótarvinnuna. Þá er áherslan á að stúlkur æfi sjálfstæði og drengir samvinnu. Svo er það þannig að drengir og stúlkur æfa og gera bæði. Það er allt í boði en við leggjum upp með æfinguna fyrir kynin því þetta er það mikilvægt að það þarf að gera æfinguna til að hún verði. Gott dæmi um þetta er æfingin „að taka sér pláss“ sem stúlkur fá og það þarf að gefa þeim plássið til að þær tengi og læri og kynnist því hvað það þýðir. Svo koma þær og taka sér plássið af því að það er lært og þær þekkja það.

Varðandi það þegar við erum að fjarstýra á val tíma. Það er þannig að þá er einn kennari sem er að ganga á milli tveggja kjarna og hafa eftirlit. Þetta höfum við gert í öll okkar ár og teljum vera í góðu lagi.

Opnun skólans og opnun á kjörnum. Það er þannig skipulag að hver kjarni opnar klukkan 8. Opnun skólans er á yngri drengjakjarna fyrir þau börn sem þurfa að mæta fyrir 8. Við viljum að fólk upplifi góða aðkomu þegar það mætir svona snemma.

Starfsfólk. Alltaf verða breytingar á starfsmannahópnum, fyrirsjáanlegar og ófyrirsjáanlegar og það sem við erum óendanlega þakklát fyrir er það góða fólk sem streymir til okkar.

Hópurinn er orðin ansi þéttur og sterkur. Öll okkar ár hafa foreldrar komið til starfa sem er einstaklega skemmtilegt og í haust byrjuðu elsku Huginn og Katrín. Það er góður mælikvarði þegar foreldrar koma inn og upplifa það að það sem við stöndum fyrir iðkum við. Agnar Ingi

Möggu Pálu barnabarn kom líka að æfa sig í Hjallastefnunni, alveg frábær og vandaður drengur og tekur þetta með trompi. Gyða mágkona Hönnu bættist í hópinn þegar leið á veturinn og er alveg frábær.

Símenntunaráætlun Laufásborgar 2017-2018

Starfshópur	Lýsing á símenntun	Markmið	Tímabil	Tíma-fjöldi	Umsjón
Öll	Hámarka lífsgæðin	Hópefli	20.ágúst	3 stundir	Bjartur Guðmundsson. Optimazed Performance.
Öll	Ráðstefna Hjallastefnunnar. Skerpa á áhaldinu	Efla þekkinguna á áhaldinu	15.september	8 stundir	Hjallastefnan. Ýmsir fyrirlesarar og vinnustofur
Hópstýra fulltrúi skólans	Shaking the habituals. Samstarf við Ítala og Svía	Auka þekkingu á jafnrétti kynjanna. Útgefin bók í lokin	13-15 september	2 dagar	Kristín Cardew og Jensína Edda frá Hjallastefnunni.
Hópstýra fulltrúi skólans	Hvernig líður þér í vinnunni. Morgunverðarfundur	Geðheilbrigði	10. október	3 stundir	Virk og Geðhjálp
Hópstýra fulltrúi skólans	Heilsueflandi leikskóli	Heilbrigði	22. nóvember	8 stundir	Lýðheilsustöð og Landlæknisembættið
Hópstýra fulltrúi skólans	Ráðstefna um offitu	Heilbrigði	18. september	8 stundir	Félag fagfólks um offitu
Sérkennari	Einhverfa	Þjálfun	25-26. janúar	2 dagar	Greiningar og ráðgjafarstöð
Hópstýrur	Árleg ráðstefna SSSK – Sköpum framtíðina	Efla tækni og vísindi í skólastarfi	3. mars	3 tímar	Samtök sjálfstæðra skóla
Öll	Slysavarnir og skyndihjálp. Námskeið fyrir leikskóla	Viðhalda þekkingu í skyndihjálp	5. mars	4 tímar	Herdís L. Storgaard
Hópstýra fulltrúi skólans	Núvitund í uppeldi	Mannrækt	2. júní	4 tímar	Jon Kabet – Zinn. Landlæknisembættið
Hópstýrur fulltrúar skólans	Að flækjast í vefnum	Skjánotkun barna og áhrif þess	5. desember	2 tímar	Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur
Öll	Efla starfsmannahópin. Vinnustyttingarferli	Stytta vinnudaginn	Apríl	3 tímar x 2svar	Heilsufélagið. Ragnheiður Agnarsdóttir

Símenntunaráætlun Laufásborgar 2017-2018

Öll	„Metoo“ og hvað hún er að þýða	Tengja við fólk og umræðu út í samfélaginu	25. janúar	3 tímar	Hjallastefnustund í lðnó
Stýrur skólans	Stjórnendapjálfun Hjallastefnunnar	Markmiðasetning, markpjálfun og árangursrík endurgjöf. Hópefli.	24-25 júní í Edinborg	2 dagar	Alda Sigurðardóttir, Stjórnendapjálfari Vendum

Leslisti er símenntun endilega skrá niður og deila:

Fyrirlestrar á vef, Yfirferð efnis af vefnum. Halda utan um það sem við horfum á og deilum saman.

Fimm ára námskrá
2018-2019

Leikskólinn Laufásborg



Leikskólinn Laufásborg
Laufásvegi 53-55
101 Reykjavík
Sími 5517219
laufasborg@hjalli.is

Efnisyfirlit

Jafnréttisnám og félagsfærninám	4
Kynjanámskrá	5
Lestarkennsla	6
Ritun	6
Stærðfræði.....	6
Enska fyrir 5 ára	6
Franska.....	7
Tónlist.....	7
Skák	7
Little bits rafmagnskubbar.	7
Hreyfing og Umhverfiskennsla.	8
Ferðir og söfn.	8
Smiðja	8
Textíl.....	9
Samfélag	9
Þórrasel, samstarf við dagvist aldraðra.....	9
Útskriftarferð í Vatnaskóg.	9

Jafnréttisnám og félagsfærninám

Laufásborg starfar eftir meginreglum og kynjanámskrá Hjallastefnunnar og þar er 5 ára nám engin undantekning. Allar sögur sem sagðar eru, öll lög sem sungin eru og öll orðræða er með hjalliskum jafnréttisbrag. Við leiðbeinum þeim sem koma utan frá með orðræðu og hegðun og þöllum að meginreglur séu ávallt hafðar að leiðarljósi í öllu starfi.

Meginreglur

Meginreglurnar eru grundvöllurinn að öllu starfi Hjallastefnuskóla. Þær eru í reynd bæði stefnuýfirlýsing og hugmyndafræði skólanna og fela í sér þá lífssýn og mannskilning sem allt starfsfólk sameinast um. Meginreglurnar eru í skýrri forgangs röð þar sem fyrstu reglurnar hafa skýran forgang og hver regla byggir á þeirri sem á undan kemur. Jafnframt er fyrsta reglan innsti kjarni starfsins og koll af kolli umlykur hver regla þá næstu á undan.

Fyrsta meginregla: Börn og foreldrar

Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á viðfeðman hátt að velgengni allra.

Önnur meginregla: Starfsfólk

Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn og foreldra og aðra sem koma að málum skólans.

Þriðja meginregla: Umhverfi

Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og áþreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðurðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.

Fjórtða meginregla: Efniviður

Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim með eigin lausnum og raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi.

Fimmta meginregla: Náttúra

Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.

Sjötta meginregla: Samfélag

Hjallastefnunni er ætlað að þjálfa aga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og festu verður taminn vilji leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla í rósemd og friði innan skólasamfélagsins og síðar til ábyrgðar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Kynjanámskrá

Kynjanámskráin er birtingarmynd á hugsjónum Hjallastefnunnar um jafnrétti stúlkna og drengja. Í hinu kynjaskipta skólastarfi er markmiðið að gera báðum kynjum ávallt jafnhátt undir höfði og mæta ólíkum þörfum stúlkna og drengja. Jafnframt er markmiðið að gefa þeim kost á að starfa og leika á eigin forsendum þar sem menning beggja kynja er virt og viðurkennd.

Þessu til viðbótar er gengið út frá þeirri kennisetningu Hjallastefnunnar að kynin öðlist takmarkaða færni og æfi of fáa eiginleika vegna heftandi kynhlutverka og kynjamótunar sem samfélagið ákvarðar á grundvelli kynferðis. Hjallastefnan mætir þessu með að þjálfar bæði kyn í öllum mennskum eiginleikum og eru loturnar okkar kennslutækið til þess. Hver lota stendur í fjórar vikur í senn og eru fyrstu þrjár loturnar á haustönn (sjá skóladagatal) og seinni þrjár á vorönn. Allir þættir kynjanámskrár eru þó ávallt í forgrunni í öllu skólastarfinu.

Lota 1: Agi

Agalotan er fyrsta stig félagsþjálfunar og fer fram í ágúst-september. Lykilhugtök lotunnar eru: virðing, hegðun, kurteis, framkoma.

Lota 2: Sjálfstæði

Sjálfstæðislotan er fyrsta stig einstaklingþjálfunar og fer fram í október - nóvember. Lykilhugtök eru: sjálfstyrking, sjálfstraust, öryggi, tjáning.

Lota 3: Samskipti

Samskiptalotan er annað stig félagsþjálfunar og fer fram í nóvember - desember. Lykilhugtök eru: umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni, samstaða.

Lota 4: Jákvæðni

Jákvæðnilotan er annað stig einstaklingsþjálfunar og fer fram í janúar. Lykilhugtök eru: ákveðni, hreinskiptni, bjartsýni, gleði.

Lota 5: Vinátta

Vináttulotan er þriðja stig félagsþjálfunar og fer fram í febrúar - mars. Lykilhugtök eru: félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur.

Lota 6: Áráðni

Áráðnilotan er þriðja stig einstaklingsþjálfunar og fer fram í mars-apríl. Lykilhugtök eru: kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði.

Kynjablöndun

Stúlkur og drengir hittast reglulega, úti og inni, og æfa samskipti og vináttu. Allar ferðir eru farnar í kynjablönduðum hópum s.s. tónleikar og listasýningar.

Lestarkennsla

Bókstafirnir kynntir, hvað þeir heita og hvaða hljóð þeir tákna. Unnið er eftir hljóðaaðferð, sögð er saga sem tengist viðkomandi bókstaf og hópurinn finnur orð sem innhalda hljóðið. Börnin læra um stóran og lítinn bókstaf og helstu greinamerki. Börnin fara á bókasafn til að skoða og fá lánaðar bækur til að skoða og lesa í leikskólanum. Málörvun er mikil, framsaga, rím, taktur, sögur og ævintýri eru mikilvægur þáttur í okkar starfi. Notum efni frá talkennara sem heitir Lærum og leikum með hljóðin. Öll börn fara í Hljóm-prófið sem mælir hljóðkerfisvitund barna og getur sagt fyrir um örðugleika í lestrarnámi.

Markmið: Að börnin þekki bókstafina og viti fyrir hvaða hljóð þeir standa. Að styrkja hljóðkerfisvitund svo að börnin séu sem best búin undir lestrarnám og jafnvel læs.

Ritun

Börnin læra hvernig stafurinn er skrifaður rétt, stór og lítill stafur, byrja alltaf uppi. Æfa skrift í sérstakri skólabók sem öll 5 ára börn fá að hausti til að nota í hópatíma. Hugtakið orð er kennt og rétt lesátt. Hjálpargögn eru leir, bönd, spýtur ofl. sem hægt er að nota til að forma bókstafi.

Markmið: Að börn kunni að draga til stafs, kunni að skrifa orð og nafnið sitt. Þekki lesátt.

Stærðfræði

Læra að þekkja og skrifa tölustafinn. Læra að þekkja og nota Numiconkubba. Með hjálp Numicon-kubba æfum við talningu, sléttar og oddatölur og munnlega samlagningu með einföldum tölum. Búum til einfaldar stærðfræðigátur og æfum hugareikning. Önnur hjálpargögn eru t.d. spil og leir. Spilum ludó, mannspil, minnisspil. Origami.

Markmið: Að börnin þekki Numiconkubbana og kunni að nota þá sem hjálpargögn í stærðfræði. Að börnin þekki og geti skrifað tölustafina. Að börnin geti lagt saman einfaldar tölur. Að börnin kunni á mannspil og geti spilað einföld spil.

Enska fyrir 5 ára

Kennari er Elizabeth Nunberg. *Í vetur munu 5 ára börnin fá aukatíma sem er vikulota fyrir hvern hóp í hverjum mánuði en þá kemur Elísabet eftir hádegi og er með hópatímann eftir hádegi.*

The English program creates an environment that is engaging and nurtures their natural curiosity towards something new. We spark their interest through, movement, songs, activities and play. We explore both indoors and outdoors in concepts that they naturally encounter on a daily basis: animals, their body, clothes, family, friends, food, and weather to name a few. We focus on English phrases and statements in which to build their confidence and rhythm for the language. such as....Good morning – Good afternoon – Nice to see you – See you later – Please...Thank you - What's the Weather? - It is...sunny, rainy, windy, snowy - How are you? - I am...happy, sad, sleepy, mad, cold, hot, good, great – and many more.

The preschool English program is the foundation from which the children continue to grow and expand from. The fun and engaging environment that we provide guides the children to venture into the exciting world of English that surrounds them everywhere.

Franska

Franska -

Foreldrar póst heim um hverja kennslustund og upptökur til að tengja við heimilin. Við höfum samstarf með Solveig Simha ásamt Alliance 2013 um frönskukennslu fyrir 5 ára börnin. Þetta er frumkvöðlastarf í leikskólastarfi og fer fram í gegnum leik og söng. Börnin hafa kynnst franskri menningu og hefur frönskukennslan skilað sér vel inn á heimilin og skapað áhuga fyrir franskri tungu og því sem franskt er. Einnig er unnið með franskar þjóðsögur í gegnum brúðuleikhús tímunum. Markmiðið með kennslunni er að kveikja áhuga á tungumáli, hafa gaman, og að tjá sig við frönskumælandi jafnaldra og kennslan snýst því um þeirra daglega líka. Gefa þeim leiðir til að tjá sig og vera ófeimin að mæta öðrum börnum og láta ekki ókunnug tungumál stoppa sig. Þetta er kjöraldur til að kenna tungumál og ná hreimnum..

Tónlist

Tónlist er fyrst og fremst lögð inn í samverum með öllum börnum kjarnans. Æfð eru ný lög á hverri árstíð, haustlög, vetrarlög, jólalög, þorralög, vorlög og sumarlög. Einnig æfum við lög um fugla, skólalög, stökur, gamlar vísur og einföld barnalög. Við æfum kveðskap í samvinnu við Steindór Andersen og notum efni frá Báru Grímsdóttur. Við spilum allskonar tónlist fyrir börnin, klassíska tónlist, djass og popptónlist. ***Tónlist er alltaf leikin til hlustunar, hún er ekki höfð sem undirleikur í starfi.*** Tónlistarfólk kemur til okkar og leikur fyrir okkur allskonar tónlist. Laufey Sigurðardóttir fiðleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands kemur til okkar á jólasöngfundum. Við sækjum þá viðburði sem í boði eru hverju sinni á skólatíma, höfum farið á og tekið þátt í Iceland airwaves og Barnamenningarhátíð. Við höldum söngfundum á hverjum föstudegi þar sem börnin syngja saman og hóparnir skiptast á að koma fram. Börnin syngja í kór fyrir hin ýmsu tilefni og fyrir fjölskyldur. Sinfóníuhljómsveit Íslands býður 5 ára nemendum í tónleika á hverju ári.

Skák

Kennari Omar Salama. Markmið Að börnin: Læri mannganginn og helstu leikreglur í skák. Öðlist dýpri hæfni í skák. Þjálfist í rökhugsun. Þjálfist í ákvörðunartöku. Námsgögn Skák kennslu hefti. Námsfyrirkomulag Í meginatriðum fer námið þannig fram að nemendur læra mannganginn og listina að tefla með verklegum æfingum frá kennara.

FARIÐ VERÐUR Á HEIMSMEISTARAMÓT BARNNA Í SKÁK Í TÚNIS Í APRÍL 2019 Í SAMVINNU VIÐ FORELDRA.

Little bits rafmagnskubbar.

Little bits rafmagnskubbarni eru markvisst inn í 5 ára en við kynntumst þessari nýjung í New York námsferðinni okkar í febrúar 2015 og fannst okkur þetta frábær viðbót. Nýtt, Skapandi og skemmtilegt.

Þetta er gjöf frá foreldrafélaginu og við þökkum kærlega fyrir.

Á heimasíðunni <http://littlebits.cc/> er hægt að sjá hvernig þetta virkar.

Hreyfing og Umhverfiskennsla.

Markmiðið er að börnin kunni ýmsa útileiki og geti sjálf farið saman í leiki, þar sem öll eru jafnir þátttakendur.

Við förum mikið í gönguferðir bæði um hverfið og í lengri ferðir þar sem við njótum umhverfisins og tökum eftir því sem er til staðar. Við förum einnig í vettvangsferðir þar sem við göngum rösklega og erum einbeitt.

Við tökum eftir og njótum nærumhverfisins sem við höfum, mikla hreyfingu er hægt að fá út úr t.d. gangstéttarhellum, steinveggjum og góðri brekku. Ímyndunaraflið, staðurinn og stundin ræður ferðinni.

Við erum mjög umhverfisvæn, við erum með matjurtagarð, börnin hugsa um garðinn sinn, planta blómum. Við erum með moltu og hænur sem börnin sinna. Við flokkum. Förum vel með. Þau læra mikið um dýrin á ferðum okkar og á vorin eykst það enn frekar með fuglafræðslu.

Ferðir og söfn.

Við erum í góðu sambandi við mörg söfn höfuðborgarsvæðinu. Við förum reglulega í heimsóknir til dæmis á Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur, Árbæjarsafn, Safn Ásgríms Jónssonar og Einarssonar. Við fáum yfirleitt leiðsögn um söfnin og fræðumst þá sérstaklega um þær sýningar sem eru í gangi.

Við erum líka dugleg að mæta á aðra menningarviðburði eins og sinfóníutónleika og ýmsa aðra tónleika. Við fáum líka boð í leikhús og höfum farið á bíósýningu á barnakvikmyndahátíð.

Við erum dugleg að grípa þau tækifæri sem bjóðast og fara af stað.

Við erum í samstarfi við safnstýruna á Safni Einarssonar þar sem við erum að vinna í og hlúa að styttagarðinum, þetta er verkefni sem hún fékk styrk fyrir. Þar sem við erum að vinna með safnstýrunni og garðyrkjumanni við að sinna blómum og trjám og gera það sem þarf að gera í garðinum.

Við förum víða, nefna má fjöruferðir, heimsókn í Barnaskóla RVK og fleira.

Við höfum verið í samvinnu við kvennaskólann unnið verkefni með nemendum þar.

Smiðja

Í vetur verða hópar smiðjunni með hópstjóra þar sem börnin skapa eitthvað skemmtilegt. Við höfum hug á að vera með jarðleir þar líka. Við höfum fært smíðaverkstæðið út og er það notað af öllum hópum en 5 ára börnin gera stærri verk eins og kassabíla að vori.

Stefna Laufásborgar um lista- og menningarstarf:

Það er stefna Laufásborgar að sækja listir og menningu í nærumhverfinu, þar sem við erum í hringið menningar og lista í miðbæ Reykjavíkur. Við viljum að börnin séu listunnendur og njóti þess að skoða listir og menningu og að það séu hluti af þeirra lífsmáta.

Það er stefna Laufásborgar að nota endurnýtanlegt efni og náttúruna til sköpunar á degi hverjum í hópatímum og val tímum. Dagskráin felur í sér þessa tvo þætti og hafa þeir jafnt vægi.

Það er stefna Laufásborgar að allir kennarar stækki skólann sinn með menntun og þekkingu og séu skapandi í dagskránni. Samvinna er á milli kennara þar sem við deilum þekkingu hvors annars og nýtum mannauðinn.

Við lítum svo á að allt fólk stórt og smátt sé skapandi og segjum að „Börnin skapa skólann sinn“. Á það bæði við um náttúrulega útsvæðið sem innisvæðið.

Textíl.

Börnin vinna ýmiskonar verkefni, s.s. að sauma á saumavél, búa til dúska og vinabönd og vefa.

Samfélag

Goðafraði, Byggðasöfn, Ísland í gamla daga, tenging við jólin og hátíðir. Gamlir siðir.


Þórrasel, samstarf við dagvist aldraðra.

Ný og dásamleg hugmynd er samstarfið sem hafið er við Þórrasel, dagvistun aldraðra. Þangað fara börnin í heimsóknir og þau koma til okkar. Þetta hófst á vorönn 2016 og gafst mjög vel. Yndislegt samstarf við gott heimili og við erum þakklát fyrir það.

Útskriftarferð í Vatnaskóg.

Að lokum er útskriftarferðin. Farin er tveggja daga ferð í Vatnaskóg að vori og gist eina nótt.

Hér er originalin vinnugagnið okkar, punktarnir okkar sem gott er að halda til haga.





Laufásborg leikskóladagatal 2018 - 2019

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M	1 L	1 M	1 F	1 L Fullveldisdagurinn	1 Þ Njársdagur	1 F	1 F	1 M HM í skák í Túnis	1 M Venkalyðsdagurinn	1 L	1 M
2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 L	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjómennadagurinn	2 Þ Sumahátíðin
3 F	3 M	3 M Foreldraspjall	3 L Foreldradagur	3 M Aðventa enn á ný	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 L	4 Þ	4 F	4 S Samskiptalota	4 Þ	4 F Ljósahátíð	4 M Foreldravíðtalsvika	4 M Bolludagur	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 S	5 M	5 F Haustráðstefna	5 M	5 M	5 L	5 Þ	5 Þ Sprengidagur	5 F	5 S	5 M	5 F
6 M Fridagur verslunarmanna	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 S Jákvæðnilota	6 M Dagur leikskólans	6 M Óskudagur	6 L	6 M	6 F	6 L
7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F Friðarstundir	7 M	7 F	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 M	8 L	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 L	9 L	9 Þ Barnamenningarhátíð	9 F	9 S Hvítasunnudagur	9 Þ
10 F	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 S Vináttulota	10 S	10 M Barnamenningarhátíð	10 F	10 M Annar í hvítasunnu	10 M
11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 M	11 M Foreldraspjall MP	11 F Barnamenningarhátíð	11 L	11 Þ	11 F
12 S	12 M Kynningarfundur	12 F	12 M	12 M	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F Barnamenningarhátíð	12 S	12 M	12 F
13 M Opnum aftur hress og kát	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 M	14 F	14 F	14 S Pálmasunnudagur	14 Þ	14 F	14 S
15 M	15 L	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F Konudagskaffi	15 F	15 M Námskeiðsdagur	15 M	15 L	15 M
16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 L	16 L	16 Þ Námskeiðsdagur	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 S Konudagur	17 S Áræðnilota	17 M Námskeiðsdagur	17 F	17 M Lýðveldisdagurinn	17 M
18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ	18 F Bóndadagskaffi	18 M	18 M	18 F Skírdagur	18 L	18 Þ	18 F
19 S	19 M	19 F	19 M	19 M	19 L	19 Þ	19 Þ	19 F Föstudagurinn langi	19 S	19 M	19 F
20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M Útskriftarferð Vatnaskóg	20 F	20 L
21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 F	21 F	21 S Páskadagur	21 Þ	21 F	21 S
22 M	22 L	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 F	22 M Annar í páskum	22 M	22 L	22 M Sumarfrí hefst
23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S Þorláksmessa	23 M	23 L	23 L	23 Þ Námskeiðsdagur	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 M	24 M	24 L	24 M Aðfangadagur jóla	24 F	24 S	24 S	24 M Námskeiðsdagur	24 F	24 M	24 M
25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ Jóladagur	25 F	25 M	25 M	25 F Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ	25 F
26 S Agalota	26 M Fundur 5 ára barna	26 F	26 M	26 M Annar í jölu	26 L	26 Þ	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 M	27 F	27 L Fyrsti vetrardagur	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 M	29 L	29 M	29 F	29 L	29 Þ		29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 F	30 S Sjálfstæðisloti	30 Þ	30 F	30 S	30 M		30 L	30 Þ	30 F Uppstigningardagur	30 S	30 Þ
31 F		31 M		31 M Gamlársdagur	31 F		31 S		31 F		31 M

Gestangangur skólaárið 2017-2018

- ♥ 30.ágúst.
 - 18 nemar og 2 kennarar.
 - Peter Søegaard og Lene Bertelsen. Social Sundhedsskolen, Fredericia, Denmark. leb@sosufvh.dk
- ♥ 8.september.
 - 9 nemar og kennari frá Noregi.
- ♥ 12.september.
 - 13 gestir frá Ítalíu og Svíþjóð. „Shaking the habituals“.
- ♥ 25.september.
 - Tjékkar í heimsókn, vantar upplýsingar ☺
- ♥ 28.september.
 - 12 danir. Leikskóli í heimsókn.
- ♥ 5.október.
 - Skiptinemi frá Þýskalandi til 30.október. Samstarf við Þýskaland, vantar upplýsingar.
 - Marie Kessel, MKessel@gmx.net
- ♥ 31.október til 2. Nóvember
 - 4 kennarar að fylgja okkur heila dag. Alls 12 kennarar í 3 daga
- ♥ 1. Nóvember.
 - Leikskólakennari frá Ástralíu.
 - C&K Oakleigh Community Kindergarten
(<https://www.candk.asn.au/oakleigh>)
- ♥ 7.nóvember.
 - 2 kennarar frá Ástralíu gengu inn af götunni ☺ stoppuðu stutt.
- ♥ 15.nóvember.
 - Árleg heimsókn nema úr Kvennó. Við förum þangað eftir áramót með börn.
 - Fengum líka nemendur úr Tjarnaskóla sem komu í nokkur skipti í tvo tíma í senn.
- ♥ 16. nóvember.
 - 26 norðmenn. Leikskólaheimsókn.
 - Nylund skole. Stavanger. Sesselja Guðjónsdóttir tengiliður
- ♥ 23.nóvember.
 - 2 Háskólakennarar frá Danmörku
 - Jacob Graack, Cand.Mag. – Educational Studies. Adjunkt at the Departement of Pedagogy & Social Education 12 og Rikke Popp-Jensen
 - Voru svo frábær, þarf að finna info. Á mynd ☺
- ♥ 29.nóvember.
 - 2 danskir nemar.

- Sofie Bröbecher og Ida Bruun. University Aarhus.
Idabruun94@gmail.com
- ♥ 5.desember.
 - Boston fjölmiðill.
 - Vantar allar upplýsingar.
- ♥ 7.desember.
 - 11 kennarar frá HÍ, félagsvísindadeild.
 - Guðný Eydal, tengiliður.
- ♥ 9. Desember.
 - 6 franskir kennarar.
 - Tengiliður, Solveig Simha.
- ♥ 19.desember.
 - 2 gestir frá Kaliforniu.
 - Joanne Ma, nemi frá Mission College, Santa Clara. Kemur i verknám 5. Júní 2018.
 - Ármann fór á barinn ;)
- ♥ 2. Janúar.
 - Danskir nemar í viku.
 - Vantar upplýsingar
- ♥ 10. Janúar
 - Euro news, Valerie Gauriat
- ♥ 24.janúar
 - 5 gestir, leikskólakennarar.
 - Frá Lettlandi, Noregi og Íslandi
- ♥ 31.janúar
 - Þórhildur frá Hraunborg að fylgja okkur heilan dag.
- ♥ 19.febrúar
 - Nemarnir frá Toronto, viðtal við okkur Matthildi
- ♥ 28.febrúar
 - CNN !
- ♥ 1.mars
 - 19 nemar frá Frakklandi með kennara.
 - Rebekka Belk. Tengiliður
 - Þessi hópur bræddi hjarta okkar, þau eru í uppbyggingu.
- ♥ Mars v. Albaníu.
 - Susan Polgar
 - Stöð 2
 - Mbl x2
 - Forsetinn og fjölmiðlafár
- ♥ 15.mars
 - 5 norskir nemar og 3 kennarar.

- Högländskolan pa Vestlandet. DK
- ♥ 7.apríl
 - Marie Claire.
 - Daniela Elser frá Ástralíu.
- ♥ 11.apríl
 - Irene Schoenmaker, Hollensk blaðakona
- ♥ 18.apríl
 - 31 Finni. Námsferð kennaranema.
 - Berndt Johan Lindström, utbildningsombudsman. Charlotta Nygard, tengiliður.
- ♥ 14.5
 - Fulltrúar frá Skolverket, Swedish National Agency for Education, í Svíþjóð, voru hér á jafnréttisráðstefnu.
 - Cecilia Wigerstad og Chirstina Grönvik, Director of Education.
- ♥ 22.mai
 - Dateline, SBS TV Ástralía.
 - Kylie Grey, voru heilan dag.
- ♥ 29.mai
 - Erasmus verkefni.
 - 4 erlendir gestir koma
- ♥ 5.júní
 - ARTE, TV
- ♥ 5.júní
 - Skiptinemi Joanne Ma frá Kaliforníu.
- ♥ 20.júní til 28.júní
 - 4 danskir Social nemar
 - University College, Aarhus, Denmark.
 - Anja Olsen, Anne Noesgaard, Noelle Etlar and Maria Sophia Dahl

Heimsmeistaramótið í skólaskák - Albanía, 20-29 apríl 2018

Við urðum þess heiðurs aðnjótandi að elstu börnum á Laufásborg voru boðið að taka þátt í HM í skólaskák í Albaníu. Þetta er í fyrsta sinn í heiminum sem leikskóli fer á Heimsmeistarmót sem er frábært fyrir okkur, að taka þetta frumkvöðlaskref.

Við viljum senda hjartans þakkir til allra sem hafa styrkt okkur, foreldrum okkar á Laufásborg, Hjallastefnunni, Menntamálaráðuneytinu, Skáksambandi Íslands. Þökkum líka kærlega fyrir sýndan áhuga, sérstaklega Forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni

Markmið okkar var:

læra, æfa, taka þátt og kynnast fólki frá öðrum löndum.

10. febrúar: Foreldrar fjögurra stúlkna á Eldri stúlnakjarna ákveða að fara og taka þátt í mótinu. Emilía Embla, Inga Jóna, Rebekka og Urður.

20. febrúar: Nöfn þátttakenda voru send til mótshaldara í Albaníu, Jensa og Omar munu fara fyrir hönd Laufásborgar. Samdægurs byrjuðu formlega æfingar fyrir HM, sem var 45 mínútur, tvisvar sinnum á dag á leikskólatíma.

24 mars: Í páskafríinu (10 dagar) voru æfingar í 7 daga og voru æfingar 1,5 tími þrisvar sinnum á dag.

1 apríl: Æfingar komnar í þrisvar á dag alla daga vikunnar. Bæði innan og utan leikskólatíma

20. apríl: Við lögðum af stað um morguninn og vorum að koma til Durres í Albaníu um kl 20:00.

21-29 apríl: Stúlkurnar tefldu 9 skákir, eina skák á dag. Þær gerðu sitt besta og voru ótrúlega þrautseigar að klára skákirnar sínar sem voru í kringum 2 tíma í síðastu umferðum og skrifa þurfti niður alla leikina á blað. Þetta var mikill persónulegur sigur fyrir þær, tefla dag eftir dag, taka þá í Heimsmeistaramóti sem hefur stóra umgjörð með fullt af reglum. Omar fékk að vera inn í salnum og fannst okkur það mikill stuðningur við stúlkurnar en fyrsta daginn voru þær einar inni og allt gekk ótrúlega vel og við fengum fyrsta sigurinn.

Ferðin til Albaníu var ótrúlega skemmtileg og lærdómsrík fyrir okkur öll. Dagurinn snérist um skákina, taka æfingu, tefla og leika þess á milli. Við nutum þess að Durres er strandbær og hotelið við ströndina. Þetta var frábært og gott jafnvægi milli þess að leika og vera á HM. Daglegar æfingar voru á milli 10:00 og 12:00 og voru líka einkaæfingar. Foreldrar stóðu sig frábærlega og stúlkurnar höfðu mjög gaman á mótinu, komu út af síðustu skákinni tilbúnar í fleiri sem var ótrúlega gaman. Þær kynntust vinkonum og vinum frá hinum þjóðunum sem er mjög dýrmætt.

Það var Indversk stúlka sem vann í þeirra flokki 7 ára og yngri með 8 vinninga.

Ein stúlkan okkar fékk 4 vinninga og hinar 3,5 2,5 og 1,5. Þær geta teflt aftur að ári í sama flokki á HM í skólaskák í Túnis apríl 2019. Við erum afskaplega stolt og þakklát, þakklát foreldrum fyrir að treysta okkur og gera þetta svona ótrúlega vel með okkur. Hjartans þakkir.



dami:

Ari er 8:00 og er í fm.

⇒ matir þórunn sem á 8:30 vakt 8:00

⇒ matir Matlhildur sem á vakt 9:15 kl 9:00.

= Þórunn gengir á sér um 30 mín og

Matlhildur um 15 mín. Hætta á
sinum tíma í lok dagsins.

Þetta er NÁMUNDUNIN

í grunninn erum við 8⁺ tíma á

launum, það er aldrei verið að

taka af okkur þó við lengjum
á okkur.

Þetta er samvinnuverkefni

Vinnustælling. Þaf sum þarf að passa
mínusar t.

Skipuleggja sig í samræmi við vaktir
- Skrepp íti.

6 tíma vakt rílli vel með

Nákvæmni í tímasæðningum.
ALLT.

Kaffitímar

Samskipti. Skapandi

• utan og innan kjarna.

• Yfirsýn og kjarni berir ábyrgð
á sér

• skipta um vakt
• hreinskiptni.

Þjármagna verkefnið

• Hlaupa hraðar. / Grúroftin er GÖD
t.

Til að vel gangi.....

Sannjart

LYKILATRIÐI

- ♡ Vaktir rúlli.
- ♡ setja niður mánuð í einu.
- ♡ 4 vaktir - 2 vikur í senn? eða 1?
- ♡ "Námunna"
- ♡ Vel skipulagt - DAGSKRÁ-SAMVINNA
HUGSA UM HEILDINA
DREIFA ÁLAGI DESLA
ÁBYRGÐ.
- ♡ Nákræmni - leið til draugs.
- ♡ Samokipti, hlusta á hvort annað
- ♡ Þakklæt:

Vinnustytting. Árinningur / Þúsar

- ♡ Góður tími - fjölskyldugæði
- ♡ skipuleggja - skrepp
- ♡ 6 tímar og barnið styðra
- ♡ Dagskráin betri f. börnin.
heldur mjög vel utan um börnin
- ♡ Lífshjólif rúllar
- ♡ Gladlegt starfsfólk
- ♡ Ölu vinni í upphafi og lok dags.
- ♡ Stolt
- ♡ Meiri orka.